FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Tölfræði og líkindareikningur
Námsgrein:	stærðfræði
Viðfangsefni:	líkindareikningur, tölfræði
Skammstöfun:	STÆR2TL05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum er fjallað um töluleg gögn og myndræna framsetningu þeirra. Einnig er farið í einkennistölur gagnasafna, s.s. miðsækni og deifingu. Fjallað er um líkindareikning, normaldreifingu og fylgni. Unnið er með gagnasafn þar sem unnið er úr helstu einkennistölum þess.
Forkröfur:	B á grunnskólaprófi
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • lýsandi tölfræði • miðsækni og dreifingu gagnasafna • líkindareikningi • tvíliðaformúlunni, normaldreifingu og z-stigum • fylgnihugtakinu
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • reikna helstu einkennistölur gagnasafna, s.s miðsækni og dreifingu • búa til tíðnitöflur og setja þær upp á myndrænan hátt • nýta sér töflureikni við úrvinnslu gagna • reikna út líkindi og vinna með samantektir og umraðanir • reikna fylgni • reikna z-stig og draga tölfræðilegar ályktanir af normaldreifðu þýði
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • beita skipulögðum vinnubrögðum á gagnrýninn hátt við lausn verkefna • vara sig á misbeitingu tölfræðinnar, t.d. í sambandi við prósentureikning og sér í lagi varðandi myndræna framsetningu • lesa tölulegar upplýsingar og draga gagnrýnar ályktanir út frá þeim
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.